

Réttmæt vísna.

I.

HR. Jónas Guðmundsson, f. alpm., getur þess í velritaðri og vinsamlegri grein um Framnýal — í Alþbl. 20. des. s.l. —, að hann hafi talað við ýmsa sem hafi „fundið dr. H. P. það til foráttu, að hann væri allt of viss um, að sú kenning sem hann flytur, væri rétt, því að það gæti enginn sannað“.

Slíkar aðfinningar eru ekki réttmætar, og það er einnig mesti misskilningur, að ég ræði um efni þar sem ekki verði sönnunum við komið. Það er fornt máltæki, að hver hafi til síns ágætis nokkuð, og ég hefi nú einmitt það, að vera í áreiðanlegra lagi, þannig að ef ég staðhæfi eitthvað eftir langvinna rannsókn, þá mun hollara reynast að líta svo á sem þar sé um réttmæta vissu að ræða. Það eru nú orðin h. u. b. 40 ár síðan ég snéri mér að því að athuga drauma, og vísna mín um eðli draumlífsins er byggð á mjög mörgum og mjög vand-

lega íhuguðum athugunum. Það er ekki vegna neinnar léttúðar eða grunnhyggni, sem ég er óbifanlega sannfærður um að draumar verða fyrir nokkurskonar samband við einhvern annan — sem ég nefni draumgjafa — og ennfreður, að draumgjafinn er vanalega, og að einhverju leyti, jafnvel alltaf, íbúi einhverrar annarrar jarðstjörnu. Þetta er svo aftur stutt af því, að miðilsástandið er ekkert annað en afbrigði nokkurt vanalegs svefns, og „andinn“, sem talar gegnum miðilinn, svarar nákvæmlega til draumgjafans í vanalégum svefni. Og svo langt hefir komið, að andi svonefndur — eða vitundarklofningur samkvæmt skilningi margra sálfræðinga — hefir á miðilfundi, fyrir munn sofandi miðils, afdráttarlaust sagt að hann væri íbúi annarrar stjörnu, og jafnvel ekki laust við að „andinn“ setti ofan í við fundarmenn fyrir

það, að þeir skyldu geta látið sér sækkuð annað til hugar koma. En svo fjarri var þetta hugum fundarmanna, að þeir tóku eiginlega ekkert mörk á þessum stórfróðlegu orðum. Og líkt hefir farið, þegar „andar“ hafa beinlínis gert sér far um að lýsa því yfir fyrir miðils munn, að þeir hafi líkama af holdi og blóði, alveg eins og vér hér á jörðu. Þeim stórmerkilegu upplýsingum hefir vanalegast enginn gaumur verið gefinn, og þó verður þetta einungis á einn veg skilið.

II.

Þá er sú sannfæring mín, að stórkostleg aldaskipti verði í sögu þess mannkyns, sem upp-götvar lífið á stjörnunum og kemur á vísindalegu sambandi við það. Ég leyfi mér að halda, að enginn skynsamur maður, sem á annað borð fer að íhuga það mál rækilega, geti orðið í

efa um að sú sannfæring er réttmæt. Og er það skaði mikill, að sú sannfæring skuli ekki vera orðin almenn. Því að ef svo væri, mundu menn auðfengnir til að reisa hér í Reykjavík hina fyrstu stöð til sambands við lífið á stjörnunum. En með því væri hafin mannkynsforganga hinnar íslenzku þjóðar í stórbýðingarmiklu menningarmáli. Mundi skjótt koma í ljós, að það fyrirtæki væri mjög heillavænlegt. Mundi þar allt ganga betur en búizt hefði verið við, og brátt rísa upp sams konar stöðvar í öðrum löndum. Yrði þess ekki langt að bíða, að áhugi vaknaði á þessu máli um alla jörð. En það mannkyn, sem er farið að sinna sambandi lífs vors hér á jörðu við lífið í alheimi, mun ekki heyja styrjaldir.

11. jan. '42.

Helgi Pjeturss.

Alþýðublaðið 9.2.'42